

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES46/15

frá 4. september 2002

um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir afritunarpappír og grafískan pappír og um breytingu á ákvörðun 1999/554/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 3294)

(2002/741/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að settar verði sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki fyrir hvern vöruflokk.
- 3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerki, sem og á mats- og sannprófunarkröfunum er varða viðmiðanir, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir vöruflokkinn sem um ræðir. Endurskoðuninni skal ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 4) Rétt er að endurskoða vistfræðilegu viðmiðanirnar, sem settar voru með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/554/EB frá 19. júlí 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir afritunarpappír⁽²⁾, þannig að þær endurspegli þróun á markaðnum. Jafnframt skal skilgreiningunni á vöruflokknum breytt þannig að grafískur pappír falli einnig undir hann.

5) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nýja ákvörðun þar sem settar eru sértækar, vistfræðilegar viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk sem gilda skulu í fimm ár.

6) Rétt er að bæði nýju viðmiðanirnar, sem eru settar með þessari ákvörðun, og viðmiðanirnar, sem eru settar með ákvörðun 1999/554/EB, séu í gildi samtímis í takmarkaðan tíma, sem er ekki lengri en 12 mánuðir, til að fyrirtæki, sem hafa fengið eða hafa sótt um umhverfismerkið fyrir vörur sínar áður en þessari nýju ákvörðun verður beitt, hafi nægan tíma til að aðlaga vörurnar þannig að þær séu í samræmi við nýju viðmiðanirnar.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins setti fram en henni var komið á fót skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

l. gr.

Pappír verður, til að fá umhverfismerki Bandalagsins skv. reglugerð (EB) nr. 1980/2000, að falla undir vöruflokkinn „afritunarpappír og grafískur pappír“ sem skilgreindur er í 2. gr. og uppfylla þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 237, 5.9.2002, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 29.6.2006, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 210, 10.8.1999, bls. 16.

2. gr.

1. Undir vöruflokkinn „afritunarpappír og grafískur pappír“ falla pappírsarkir og rúllur af óaprentuðum pappír sem er notaður til prentunar eða afritunar eða til að skrifa eða teikna á.

2. Dagblaðapappír, hitanæmur pappír og sjálfafrítandi pappír er ekki í vöruflokknum.

3. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „011“ notað fyrir vöruflokkinn „afritunarpappír og grafískur pappír“.

4. gr.

Í stað 3. gr. ákvörðunar 1999/554/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og sértæku, vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn gilda til 31. ágúst 2003.“

5. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. september 2002 til 31. ágúst 2007.

Framleiðendur vara, sem falla undir vöruflokkinn „afritunarpappír“ og hafa fengið umhverfismerkið fyrir 1. september 2002, mega nota merkið áfram til 31. ágúst 2003.

Heimilt er að veita framleiðendum sem hafa, fyrir 1. september 2002, sótt um umhverfismerki fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „afritunarpappír“, merkið samkvæmt skilmálum ákvörðunar 1999/554/EB. Í þeim tilvikum er heimilt að nota merkið til 31. ágúst 2003.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. september 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðuninum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum:

- að dregið verði úr losun eiturefna eða ofauðgandi efna í vatn,
- að dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfisáhættu sem tengist orkunotkun (hnattrænni hlýnun, súrnun, ósoneyðingu, eyðingu óendurnýjanlegra auðlinda) með því að draga úr orkunotkun og tengdri losun út í andrúmsloftið,
- að dregið verði úr umhverfisspjöllum eða umhverfisáhættu sem tengist notkun hættulegra iðefna,
- beiting meginreglna um sjálfbæra stjórnun til að standa vörð um skóga.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu afritunarpappírs og grafíks pappírs sem hafa lítil umhverfisáhrif.

Kröfur varðandi mat og sannprófun

Sértækar kröfur varðandi mat og sannprófun eru tilgreindar í hverri viðmiðun. Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, gögn, prófunarskýrslur eða önnur sönnunargögn til staðfestingar á að varan uppfylli viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eda birgjum hans og/eda undirbirgjum þeirra o.s.frv., eftir því sem við á.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bærir aðilinn, sem metur umsóknina, fellst á að þær séu jafngildar.

Prófun skal fara fram, eftir því sem unnt er, á rannsóknarstofum sem hafa hlotið viðeigandi faggildingu og uppfylla almennu kröfurnar í staðlinum EN ISO 17025.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháða sannprófun.

Mælt er með því að þar til bærir aðilar taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að viðmiðanir séu uppfylltar, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001 er beitt (*ath.*: ekki er gerð krafa um að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

VIÐMIÐANIR**1. Losun í vatn og andrúmsloft**

- a) **Efnafræðilegi súrefnisþörf (COD), brennisteinn (S), köfnunarefnisoxíð (NO_x):** Fyrir hvern þessara þátta skal losun frá pappírsdeigs- og pappírsframleiðslu í andrúmsloft og/eda vatn gefin upp í stígum (P_{COD}, P_S, P NO_x) eins og fram kemur hér á eftir.

Stig, sem eru gefin fyrir P_{COD}, P_S, eða P_{NO_x}, mega ekki vera yfir 1,5.

Heildarfjöldi stiga (P_{heild} = P_{COD} + P_S + P_{NO_x}) má ekki vera yfir 3,0.

Reikna skal P_{COD} út á eftirfarandi hátt (reikna skal P_S og P_{NO_x} á nákvæmlega sama hátt).

Útreikningur fyrir pappírsdeigsframleiðslu: Fyrir hvert pappírsdeig, *i*, sem er notað skal deila í losunina, sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf (COD_{deig, i}, gefið upp í kg/loftþurrkað tonn), með viðmiðunargildi viðkomandi tegundar deigs (COD_{viðmiðunargildi, deig}) sem er tilgreint í töflunni hér á eftir. Þessi hlutföll skulu vegin í samræmi við hlutdeild viðkomandi tegundar af deigi sem er notað (*p_i*, með tilliti til raks pappírs) og þau lögð saman til fá fjölda stiga fyrir pappírsdeigsframleiðsluna (P_{COD, deig}). Þess vegna er:

$$P_{\text{COD, deig}} = \sum (p_i \times \text{COD}_{\text{deig, } i} / \text{COD}_{\text{viðmiðunargildi, deig}})$$

Útreikningur fyrir pappírsframleiðslu: Stig fyrir pappírsframleiðslu (P_{COD, pappír}) skal reikna með því að deila í losunina, sem tengist efnafræðilegri súrefnisþörf (COD_{pappír}), með viðmiðunargildi fyrir pappír (COD_{viðmiðun, pappír}) sem gefið er upp í töflunni hér á eftir. Þess vegna er:

$$P_{\text{COD, pappír}} = \text{COD}_{\text{pappír}} / \text{COD}_{\text{viðmiðunargildi, pappír}}$$

Heildarútreikningur stiga fyrir P_{COD}: Heildarviðmiðunargildi fyrir deig, vegið á móti mismunandi tegundum af deigi sem er notað (COD_{vegið viðmiðunargildi, deig}), skal reikna á eftirfarandi hátt:

$$\text{COD}_{\text{vegið viðmiðunargildi, deig}} = \sum (p_i \times \text{COD}_{\text{viðmiðunargildi, deig}})$$

Að lokum skal leggja saman stig fyrir pappírseigs- og pappírframleiðslu til að fá heildarfjölda stiga (P_{COD}) á eftirfarandi hátt:

$$P_{COD} = P_{COD, deig} \times COD_{vegið \text{ viðmiðunargildi, deig}} / ((COD_{vegið \text{ viðmiðunargildi, deig}} + COD_{\text{viðmiðunargildi, pappír}}) + P_{COD, pappír} \times COD_{\text{viðmiðunargildi, pappír}} / (COD_{vegið \text{ viðmiðunargildi, deig}} + COD_{\text{viðmiðunargildi, pappír}}))$$

Tafla yfir viðmiðunargildi fyrir losun frá mismunandi tegundum af deigi og frá pappírframleiðslu

Tegund pappírseigs/pappír	Losun (kg/loftþurrkað tonn)		
	$CO_{D_{\text{viðmiðunargildi}}}$	$S_{\text{viðmiðunargildi}}$	$NO_{x \text{ viðmiðunargildi}}$
Efnafræðilega unnið deig (kraftpappír og allar aðrar tegundir, að súlfítdeigi undanskildu)	18,0	0,6	1,6
Efnafræðilega unnið deig (súlfítdeig)	25,0	0,6	1,6
Deig unnið með efna- og hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (CTMP-deig)	15,0	0,2	0,3
Deig unnið með hitameðhöndlun og vélrænum aðferðum (TMP-deig)/deig úr viðarslípi	3,0	0,2	0,3
Pappírseig úr endurunnum trefjum	2,0	0,2	0,3
Pappír (ósambættar verksmiðjur þar sem allt deig, sem er notað, er keypt á markaði)	1,0	0,3	0,8
Pappír (aðrar verksmiðjur)	1,0	0,3	0,7

Mat og sannpröfun: Umsækjandi skal leggja fram ítarlega útreikninga sem sýna fram á að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, þ.m.t. prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferðum: COD: ISO-staðall 6060;

NO_x: ISO-staðall 11564; S(oxid.): EPA-nr.8; S(red.): EPA-nr. 16A; Brennisteinsinnihald í olíu: ISO-staðall 8754:1995; Brennisteinsinnihald í kolum: ISO-staðall 351.

Fylgiskjölunum skulu fylgja upplýsingar um tíðni mælinga og útreikninga á stigum varðandi efnafræðilega súrefnisþörf (COD), brennistein (S) og köfnunarefnisoxíð (NO_x). Í þeim skal koma fram öll losun brennisteins (S) og köfnunarefnisoxíða (NO_x) sem á sér stað við framleiðslu á pappírseigi og pappír, þ.m.t. gufa sem myndast fyrir utan framleiðslustaðinn, að undanskilinni losun sem tengist framleiðslu á rafmagn.

Mælingarnar skulu ná til endurnýtingarsuðukatla, kalkofna, gufukatla og ofna til að eyða daunillum lofttegundum. Taka skal tillit til dreifðrar losunar. Tilkynnt losunargildi fyrir brennistein út í andrúmsloftið skulu ná bæði til losunar oxaðra og afoxaðra brennisteinssambanda (dímetýlsúlfíðs, metýlmerkaptana, brennisteinsvetnis o.þ.h.). Í stað þess að mæla brennisteinslosun, sem tengist varmaorkumyndun með olíu, kolum eða öðrum eldsneytistegundum með þekkt innihald brennisteins, má reikna hana út og skal tillit tekið til hennar.

Mælingar á efnunum, sem eru losuð í vatn, skulu gerðar með ósiuðum sýnum sem hafa ekki botnfallið, annaðhvort eftir meðhöndlun í verksmiðjunni eða eftir meðhöndlun í opinberri hreinsistöð. Tímabilið, sem mælingarnar miðast við, skal byggjast á framleiðslu 12 mánaða. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu mælingarnar miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri. Mælingin verður að vera dæmigerð fyrir viðkomandi tímabil.

- b) Áseyg, lífræn halógensambönd (AOX): Losun áseygra, lífrænna halógensambanda, sem verður við framleiðslu pappírseigs, skal ekki vera yfir 0,25 kg/loftþurrkað tonn.

Mat og sannpröfun: Umsækjandinn skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á mælingum með eftirfarandi prófunaraðferð: AOX ISO 9562 (1989). Í fylgiskjölunum skulu vera upplýsingar um tíðni mælinga. Áseyg, lífræn halógensambönd skulu aðeins mæld þegar um er að ræða vinnslu þar sem klórsambönd eru notuð til að bleikja pappírseigið. Ekki er nauðsynlegt að mæla áseyg, lífræn halógensambönd í frárænni frá ósambættum pappírverksmiðjum eða í frárænni frá pappírseigsframleiðslu án bleikingar eða þar sem bleiking fer fram með efnunum sem innihalda ekki klór. Mælingar skulu gerðar með ósiuðum sýnum sem hafa ekki botnfallið, annaðhvort eftir meðhöndlun í verksmiðjunni eða eftir meðhöndlun í opinberri hreinsistöð. Tímabilið, sem mælingarnar miðast við, skal byggjast á framleiðslu 12 mánaða. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu mælingarnar miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri. Mælingin verður að vera dæmigerð fyrir viðkomandi tímabil.

- c) CO₂: Losun koltvísýrings frá óendurnýjanlegum orkugjöfum skal ekki vera yfir 1000 kg á hvert tonn af framleiddum pappír, þ.m.t. losun vegna rafmagnsframleiðslu (hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar). Fyrir ósambættar verksmiðjur (þar sem allt deig, sem er notað í framleiðslu, er keypt á markaði) skal losun ekki vera yfir 1100 kg á hvert tonn. Losunin skal reiknuð sem samantölgð losun frá pappírseigs- og pappírframleiðslu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram ítarlega útreikninga sem sýna að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt viðeigandi fylgiskjólum.

Umsækjandinn skal leggja fram gögn yfir alla losun koltvísyrings í andrúmsloftið. Þau skulu taka til alls óendurnýjanlegs eldsneytis sem notað er við framleiðslu á pappírsteigi og pappír, þ.m.t. losun vegna rafmagnsframleiðslu (hvort sem hún fer fram á staðnum eða annars staðar).

Eftirfarandi losunarstuðlar skulu notaðir við útreikning á losun koltvísyrings (CO₂) frá eldsneyti:

Eldsneyti	losun CO ₂ , jarðfnaeldsneyti	Eining
Kol	95	g CO ₂ , jarðfnaeldsneyti/MJ
Jarðolía	73	g CO ₂ , jarðfnaeldsneyti/MJ
Brennsluolía 1	74	g CO ₂ , jarðfnaeldsneyti/MJ
Brennsluolía 2–5	77	g CO ₂ , jarðfnaeldsneyti/MJ
Fljótandi jarðolíugas (LPG)	69	g CO ₂ , jarðfnaeldsneyti/MJ
Jarðgas	56	g CO ₂ , jarðfnaeldsneyti/MJ
Rafmagn frá dreifikerfi	400	g CO ₂ , jarðfnaeldsneyti/KWh

Að því er varðar rafmagn frá dreifikerfi skal nota gildið í töflunni hér að framan (evrópskt meðaltal) nema umsækjandi leggi fram gögn sem sýna meðalgildið fyrir rafmagnsbirgi/-birgja hans en þá er umsækjanda heimilt að nota það gildi í staðinn fyrir gildið sem er tilgreint í töflunni.

Tímabilið, sem útreikningarnir eða massajafnvægið miðast við, skal byggjast á framleiðslu 12 mánaða. Sé um að ræða nýja eða endurbyggða verksmiðju skulu útreikningarnir miðast við a.m.k. 45 daga samfellt tímabil þegar verksmiðjan er í stöðugum rekstri. Útreikningarnir skulu vera dæmigerðir fyrir viðkomandi tímabil.

2. Orkunotkun

- a) **Rafmagn:** Rafmagnsnotkun, sem tengist pappírsteigs- og pappírframleiðslu, skal gefin upp í stigum (P_E) eins og lýst er hér á eftir.

Fjöldi stiga, P_E, skal vera 1,5 eða minni.

Reikna skal P_E út á eftirfarandi hátt.

Útreikningur fyrir pappírsteigsframleiðslu: Fyrir hvert pappírsteig, *i*, sem er notað, skal reikna rafmagnsnotkun (E_{deig, i} gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn) á eftirfarandi hátt:

$$E_{\text{deig, } i} = \text{innri rafmagnsframleiðsla} + \text{keypt rafmagn} - \text{selt rafmagn}$$

Í þetta gildi skal deila með viðmiðunargildi fyrir þá tegund deigs (E_{viðmiðunargildi, deig}) sem er tilgreint í töflunni hér á eftir. Þessi hlutföll skulu vegin í samræmi við hlutdeild viðkomandi tegundar af deigi sem notað er (p_i með tilliti til raks pappírs) og þau lögð saman til að fá fjölda stiga fyrir rafmagnsnotkunina við pappírsteigsframleiðsluna (P_{E, deig}).

Þess vegna er:

$$P_{E, \text{deig}} = \sum (p_i \times E_{\text{deig, } i} / E_{\text{viðmiðunargildi, deig}})$$

Útreikningur fyrir pappírframleiðslu: Á sama hátt skal rafmagnsnotkunin, sem tengist pappírframleiðslunni (E_{pappír}), reiknuð út og deilt í hana með viðmiðunargildinu fyrir þá pappírsteig (E_{viðmiðun, pappír}), sem er gefin upp í töflunni hér á eftir, á eftirfarandi hátt:

$$E_{\text{pappír}} = \text{innri rafmagnsframleiðsla} + \text{keypt rafmagn} - \text{selt rafmagn}$$

$$P_{E, \text{pappír}} = E_{\text{pappír}} / E_{\text{viðmiðunargildi, pappír}}$$

Heildarútreikningur stiga fyrir P_E: Vegið heildarviðmiðunargildi fyrir deig (E_{vegið viðmiðunargildi, deig}) skal reiknað á eftirfarandi hátt:

$$E_{\text{vegið viðmiðunargildi, deig}} = \sum (p_i \times E_{\text{viðmiðunargildi, deig}})$$

Að lokum skal leggja saman stig fyrir pappírsteigs- og pappírframleiðslu til að fá heildarfjölda stiga (P_E) á eftirfarandi hátt:

$$P_E = P_{E, \text{deig}} \times E_{\text{vegið viðmiðunargildi, deig}} / (E_{\text{viðmiðunargildi, deig}} + E_{\text{viðmiðunargildi, pappír}}) + P_{E, \text{pappír}} \times E_{\text{viðmiðunargildi, pappír}} / (E_{\text{vegið viðmiðunargildi, deig}} + E_{\text{viðmiðunargildi, pappír}})$$

- b) **Eldsneyti (varmi):** Eldsneytisnotkun, sem tengist pappírdeigs- og pappírframleiðslu, skal gefin upp í stigum (P_F) eins og lýst er hér á eftir.

Fjöldi stiga, P_F , skal vera 1,5 eða minni.

Reikna skal P_F út á eftirfarandi hátt.

Útreikningur fyrir pappírdeigsframleiðslu: Fyrir hvert pappírdeig, i , sem er notað, skal reikna tilheyrandi eldsneytisnotkun ($E_{\text{deig}, i}$ gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn) á eftirfarandi hátt:

$$F_{\text{deig}, i} = \text{innri eldsneytisframleiðsla} + \text{keypt eldsneyti} - \text{selt eldsneyti} - 1,25 \times \text{innri rafmagnsframleiðsla}$$

Aths.: Ekki er skylt að reikna út $F_{\text{deig}, i}$ (og hlutdeild þess í $P_{F, \text{deig}}$) fyrir vélunnið deig, nema um sé að ræða loftþurrkað, vélunnið deig á markaði með a.m.k. 90% þurrefnisinnihald.

Í $F_{\text{deig}, i}$ skal deilt með viðmiðunargildi fyrir viðkomandi deigtegund ($E_{\text{viðmiðunargildi, deig}}$) sem er tilgreint í töflunni hér á eftir. Þessi hlutföll skulu vegin í samræmi við hlutdeild viðkomandi tegundar af deigi sem er notað (p_i með tilliti til raks pappírs) og þau lögð saman til að fá fjölda stiga fyrir eldsneytisnotkunina við pappírdeigsframleiðsluna ($P_{F, \text{deig}}$). Þess vegna er:

$$P_{F, \text{deig}} = \sum (p_i \times F_{\text{deig}, i} / E_{\text{viðmiðunargildi, deig}})$$

Útreikningur fyrir pappírframleiðslu: Á sama hátt skal reikna eldsneytisnotkun, sem tengist pappírframleiðslunni ($F_{\text{pappír}}$, gefið upp í kWh/loftþurrkað tonn), á eftirfarandi hátt:

$$F_{\text{pappír}} = \text{innri eldsneytisframleiðsla} + \text{keypt eldsneyti} - \text{selt eldsneyti} - 1,25 \times \text{innri rafmagnsframleiðsla}$$

$$P_{F, \text{pappír}} = F_{\text{pappír}} / E_{\text{viðmiðunargildi, pappír}}$$

Heildarútreikningur stiga fyrir P_F : Vegið heildarviðmiðunargildi fyrir deig ($F_{\text{vegið viðmiðunargildi, deig}}$) skal reiknað á eftirfarandi hátt:

$$F_{\text{vegið viðmiðunargildi, deig}} = \sum (p_i \times F_{\text{viðmiðunargildi, deig}})$$

Að lokum skal leggja saman stig fyrir pappírdeigs- og pappírframleiðslu til að fá heildarfjölda stiga (P_F) á eftirfarandi hátt:

$$P_F = P_{F, \text{deig}} \times F_{\text{vegið viðmiðunargildi, deig}} / (F_{\text{vegið viðmiðunargildi, deig}} + F_{\text{viðmiðunargildi, pappír}}) + P_{F, \text{pappír}} \times F_{\text{viðmiðunargildi, pappír}} / (F_{\text{vegið viðmiðunargildi, deig}} + F_{\text{viðmiðunargildi, pappír}})$$

Tafla yfir viðmiðunargildi fyrir rafmagn og eldsneyti

Tegund pappírdeigs	Eldsneyti kWh/loftþurrkað tonn $F_{\text{viðmiðunargildi}}$	Rafmagn kWh/loftþurrkað tonn $E_{\text{viðmiðunargildi}}$
Efnafræðilega unnið deig	4000 <i>(Aths.: fyrir loftþurrkað deig á markaði með a.m.k. 90% þurrefnisinnihald má hækka þetta gildi um 25% vegna orkunotkunar við þurrkun)</i>	800
Vélunnið deig	900 <i>(Aths.: þetta gildi á aðeins við um loftþurrkað deig á markaði)</i>	2500
Deig úr endurunnum trefjum	1800 <i>(Aths.: þegar um er að ræða loftþurrkað deig á markaði má hækka þetta gildi um 25% vegna orkunotkunar við þurrkun)</i>	800
Tegund pappír	Eldsneyti kWh/tonn	Rafmagn kWh/tonn
Óhúðaður, trénislaus gæðaprentpappír	1800	600
Tímaritapappír (ofurpressaður, SC)		
Húðaður, trénislaus gæðaprentpappír	1800	800
Húðaður tímaritapappír (LWC, MWC)		

Mat og sannprófun (bæði fyrir a- og b-lið): Umsækjandinn skal leggja fram ítarlega útreikninga sem sýna að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt öllum viðeigandi fylgigögnum. Upplýsingarnar skulu því bæði taka til heildamotkunar rafmagns og eldsneytis.

Umsækjandi skal reikna út alla orkunotkun, sem skiptist niður í varma/eldsneyti og rafmagn, sem notuð er til framleiðslu á pappírsmáli og pappír, þ.m.t. orkan sem notuð er til að fjarlægja prentsvertu úr úrgangspappír við framleiðslu á endurunnum pappír. Orka, sem er notuð við flutning á hráefnum, svo og við vinnslu og þökkun, er ekki innifalin í útreikningum á orkunotkun.

Heildarvarmaorka tekur til alls aðkeypts eldsneytis. Hún tekur einnig til endurnýttar varmaorku, sem fæst til að mynda með brennslu vökva og úrgangs sem fellur til við vinnslu á staðnum (t.d. viðarúrgangi, sagi, vökvum, úrgangspappír og afgangspappír) og til endurnýttar varma frá innri rafmagnsframleiðslu — umsækjandinn þarf þó aðeins að tilgreina 80% varmaorku frá slíkum orkugjöfum þegar heildarvarmaorka er reiknuð.

Raforka merkir hreint, aðfengið rafmagn frá dreifikerfinu og innri rafmagnsframleiðslu sem mæld er sem raforka. Ekki þarf að taka með í reikninginn rafmagn sem notað er til skólphreinsunar.

Varmagildi gufu, sem framleidd er með rafmagn, skal reiknað og síðan skal deila í það með 0,8 og bæta við heildareldsneytisnotkunina.

3. *Trefjar — sjálfbær skógvarsla*

Trefjar geta verið viðartrefjar eða endurunnar trefjar úr endurheimtum pappír eða aðrar beðmistrefjar. Trefjar úr afgangspappír frá pappírsværsmiðjum eru ekki skilgreindar sem endurunnar trefjar.

Að minnsta kosti 10% af nýjum viðartrefjum úr skógum skulu vera úr skógum sem hafa hlotið vottun þess efnis að þeim sé stjórnað samkvæmt þeim meginreglum og ráðstöfunum er miða að því að tryggja sjálfbæra skógvörslu.

Afgangurinn af nýju viðartrefjunum úr skógum skulu vera úr skógum sem er stjórnað samkvæmt meginreglum og ráðstöfunum er miða að því að tryggja sjálfbæra skógvörslu.

Tilgreina skal uppruna allra nýrra viðartrefja.

Í Evrópu skulu framangreindar meginreglur og ráðstafanir a.m.k. vera í samræmi við samevrópskrar leiðbeiningar fyrir sjálfbæra skógvörslu (Pan-European operational level guidelines for sustainable forest management), sem samþykktar voru á ráðherrastefnunni í Lissabon um vernd skóga í Evrópu (2.-4. júní 1998). Utan Evrópu skulu þær a.m.k. svara til meginreglna sem samþykktar voru á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun (UNCED) og, þar sem við á, til viðmiðana eða viðmiðunarreglna um sjálfbæra skógvörslu sem samþykktar voru sem liður í alþjóðlegum og svæðisbundnum framtaksverkefnum (verkefnum Alþjóðasamtaka um hitabeltistré (ITTO), Montreal-verkefnum, Tarapoto-verkefninu og framtaksverkefni Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP/FAO) um þurr svæði í Afríku (Dry-Zone Africa Initiative)).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal tilgreina tegundir, magn og uppruna trefjanna, sem eru notaðar í pappírsmáli- og pappírsmálframleiðslu. Tilgreina skal uppruna nýrra trefja með svo mikilli nákvæmni að sannreyna megir þegar við á að nýju trefjarnar séu úr skógum þar sem sjálfbær skógvarsla er viðhöfð. Þegar nýjar trefjar úr skógum eru notaðar skal umsækjandi leggja fram viðeigandi vottorð og fylgiskjöl sem sýna að vottunarkerfið meti framangreindar meginreglur og ráðstafanir fyrir sjálfbæra skógvörslu á réttan hátt. Að því er varðar nýjar viðartrefjar úr skógum, sem er ekki stjórnað samkvæmt reglum um sjálfbæra skógvörslu, skal umsækjandi leggja fram yfirlýsingu, greinargerð, starfsreglur eða yfirlýsingu til að staðfesta að kröfurnar hér að framan hafi verið uppfylltar.

4. *Hættuleg, hrein efni*

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram skrá yfir efnavörur sem eru notaðar við pappírsmáli- og pappírsmálframleiðslu, ásamt viðeigandi gögnum (t.d. öryggisblöð fyrir efni). Í skránni skal koma fram magn, hlutverk og birgjar fyrir öll íðefni sem eru notuð í vinnslunni.

- a) **Klór:** Óheimilt er að nota klórgas sem bleikingarefni. Þetta skilyrði á ekki við um klórgas tengt framleiðslu og notkun á klórðíoxíði.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá pappírsmáli-/birgjum sínum þess efnis að klórgas hafi ekki verið notað til að bleikja deigið. Aths.: Þó að þetta skilyrði eigi einnig við um bleikingu enduruninna trefja er það látið óátalið þótt trefjar hafi verið bleiktar með klórgasi fyrir á ferli sínum.

- b) **APEO:** Ekki skal bæta alkýlfenóletoxýlötum eða afleiðum af alkýlfenóli við í íðefni til hreinsunar, í íðefni sem eru notuð til að fjarlægja prentsvertu, í froðuhindrandi efni, dreifiefni eða þekjuefni. Afleiður af alkýlfenóli eru skilgreind sem efni þar sem alkýlfenól myndast við niðurbrot þeirra.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá íðefnabirgi-/birgjum þess efnis að alkýlfenóletoxýlötum eða afleiðum af alkýlfenóli hafi ekki verið bætt við þessarar vörur.

- c) **Einiðuleifar:** Heildarmagn einliðuleifa (fyrir utan akrýlamíð) sem hafa fengið eða geta fengið eitthvað af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra):

H45 (getur valdið krabbameini)

H46 (getur valdið arfgengum skaða)

H49 (getur valdið krabbameini við innöndun)

H50/53 (mjög eittrað vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni)

H51/53 (eittrað vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni)

H52/53 (skaðlegt vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni)

H60 (getur dregið úr frjósemi)

H61 (getur skaðað barn í móðurkviði)

eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna ⁽¹⁾ og síðari breytingum hennar, í þekjuefnum, viðhaldsefnum, styrkingarefnum, vatnsfæliefnum eða í iðefnum sem eru notuð við inn- eða útræna vatnsmeðhöndlun, skulu ekki vera yfir 100 milljónarhlutar (reiknað á grundvelli fastefnainnihalds þeirra).

Akrýlamíð skal ekki vera í styrk sem er yfir 1000 milljónarhlutum í þekjuefnum, viðhaldsefnum, styrkingarefnum, vatnsfæliefnum eða í iðefnum sem eru notuð við inn- eða útræna vatnsmeðhöndlun (reiknað á grundvelli fastefnainnihalds þeirra).

Þar til bærur aðila er heimilt að veita umsækjanda undanþágu frá kröfunum er varða iðefni sem eru notuð við útræna vatnsmeðhöndlun.

Mat og sannpröfun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi gögnum (t.d. öryggisblöðum fyrir efni).

- d) **Yfirborðsvirk efni í efnablöndum til að fjarlægja prentsvertu fyrir endurnýtanlega trefjar:** Ef yfirborðsvirk efni eru notuð í magni sem nemur a.m.k. 100 g/loftþurrkað tonn (samtals fyrir öll yfirborðsvirk efni sem eru notuð í allar efnablöndur sem eru notaðar til að fjarlægja prentsvertu fyrir endurnýtanlegar trefjar) skal hvert yfirborðsvirkt efni vera auðlífrjótanlegt. Ef þessi yfirborðsvirku efni eru notuð í magni sem er undir 100 g/loftþurrkað tonn skal hvert yfirborðsvirkt efni vera auðlífrjótanlegt eða fullkomlega lífrjótanlegt (sjá prófunaraðferðir og þröskuldsgildi hér á eftir).

Mat og sannpröfun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt viðeigandi öryggisblöðum fyrir efni eða prófunarskýrslum fyrir hvert yfirborðsvirkt efni þar sem prófunaraðferðin, viðmiðunargildi og niðurstöður eru tilgreind; stýðjast skal við eina af eftirfarandi prófunaraðferðum og viðmiðunargildum: fyrir auðlífrjótanleika skal nota OECD 301 A–F (eða jafngilda ISO-staðla) sem sýna fram á a.m.k. 70% niðurbrotshlutfall fyrir 301 A og E innan 28 daga og a.m.k. 60% niðurbrotshlutfall fyrir 301 B, C, D og F; fyrir fullkominn lífrjótanleika skal nota OECD 302 A–C (eða jafngilda ISO-staðla) sem sýna fram á a.m.k. 70% niðurbrotshlutfall (þ.m.t. ásog) innan 28 daga fyrir 302 A og B og a.m.k. 60% niðurbrotshlutfall fyrir 302 C.

- e) **Sæfiefni:** Virku efniþættirnir í sæfiefnum eða lífhamlandi efnunum, sem eru notuð til að berjast gegn slímmyndandi lífverum í vatni sem inniheldur trefjar í hringrásarkerfum, mega ekki safnast upp í lífverum.

Mat og sannpröfun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi öryggisblöðum fyrir efni eða prófunarskýrslur þar sem prófunaraðferðin, viðmiðunargildi og niðurstöður eru tilgreind á grundvelli eftirfarandi prófunaraðferða: OECD 107, 117 eða 305 A-E.

- f) **Asólítir:** Óheimilt er að nota asóliti sem geta klofnað í einhver af eftirtöldum, arómatísku amínunum:

4-aminóbifenýl	(92-67-1)
bensidín	(92-87-5)
4-klór-o-tólúidín	(95-69-2)
2-naftýlamín	(91-59-8)
o-aminóasótólúen	(97-56-3)
2-aminó-4-nítrótólúen	(99-55-8)
4-klóranilín	(106-47-8)
2,4-díaminóanisól	(615-05-4)
4,4'-díaminódifenýlmetan	(101-77-9)
3,3'-díklórbensidín	(91-94-1)

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi EBL 196, 16.8.1967, bls. 1.

3,3'-dímetoxýbensidín	(119-90-4)
3,3'-dímetýlbensidín	(119-93-7)
3,3'-dímetýl-4,4'-díamínódísýklóhexýlmetan	(838-88-0)
p-kresidín	(120-71-8)
4,4'-metýlen-bis-(2-klóranilín)	(101-14-4)
4,4'-oxýdífanilín	(101-80-4)
4,4'-þíódífanilín	(139-65-1)
o-tólúidín	(95-53-4)
2,4-díamínótólúen	(95-80-7)
2,4,5-trímetýlanilín	(137-17-7)
o-anisídín	(90-04-0)
4-amínóasóbensen	(60-09-3)

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

- g) **Leysilitarefni:** Ekki er heimilt að nota neina samsetningu leysilitarefna sem er seld á markaði og hefur fengið, eða kann að hafa fengið, þegar umsókn er lögð fram einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra):

H50 (mjög eitrad vatnalífverum)

H51 (eitrad vatnalífverum)

H52 (skaðlegt vatnalífverum)

H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni)

samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáskilum um aðildarríkjanna um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efnablandna⁽¹⁾ og síðari breytingar á henni.

Ekki er heimilt að nota neina samsetningu leysilitarefna, sem er seld á markaði, í pappírseig eða pappír, sem inniheldur meira en 2% miðað við þyngd, efni sem hafa fengið, eða geta fengið, þegar umsóknin er lögð inn, einhverja af framangreindum hættusetningum (eða samsetningu þeirra) í samræmi við tilskipun 67/548/EBE og síðari breytingar á henni.

Þessi viðmiðun gildir ekki um samsetningar þar sem flokkunin ræðst einungis af því að efnispáttur eða efnispættir leysilíta eru með a.m.k. 98% festihæfni (degree of fixation). Festihæfnin er samanlögð litheldni trefjanna í vinnslunni.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi fylgiskjölum, t.d. viðeigandi öryggisblöðum fyrir efni.

- h) **Leysilitarefni eða fastlitarefni með málmflóka:** Ekki má nota leysilíti eða fastlitarefni sem í er blý, kopar, króm, nikkel eða ál. Leysilíti eða fastlitarefni úr koparþalósýaníni má hins vegar nota.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi krafa sé uppfyllt.

- i) **Jónuð óhreinindi í leysilitarefnum:** Styrkur jónaðra óhreininda í leysilitarefnum skal ekki fara upp fyrir eftirtalin gildi (í milljónarhlutum): Ag 100, As 50, Ba 100, Cd 20, Co 500, Cr 100, Cu 250, Fe 2500, Hg 4, Mn 1000, Ni 200, Pb 100, Se 20, Sb 50, Sn 250, Zn 1500.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi krafa sé uppfyllt.

5. Meðhöndlun úrgangs

Á öllum framleiðslustöðum pappírseigs og pappírs skulu vera kerfi til að meðhöndla úrgang (eins og skilgreint er af viðkomandi yfirvöldum sem annast eftirlit með framleiðslustöðvum pappírseigs og pappírs er um ræðir) og úrgangsafurðir sem falla til við framleiðslu vörunnar sem hefur hlotið umhverfismerkið. Gera skal grein fyrir kerfinu í umsókninni eða þar skal vera útskýring á því og a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi atriði:

- aðferðir við að skilja endurvinnanleg efni úr úrganginum og nýtingu þeirra,
- aðferðir við að endurnýta efni til annarra nota, s.s. brennslu til gufuframleiðslu eða upphitun, eða landbúnaðarnota,
- aðferðir við meðhöndlun hættulegs úrgangs (eins og skilgreint er af hálfu viðkomandi eftirlitsyfivalda sem annast eftirlit með framleiðslustöðvum pappírseigs og pappírs er um ræðir).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram lýsingu á meðhöndlun úrgangsins á viðkomandi framleiðslustöðum, ásamt yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

⁽¹⁾ Stjórn. EB L 200, 31.5.1999, bls. 1.

6. Notagildi

Varan skal vera hæf til notkunar.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn og/eða niðurstöður úr prófun.

7. Upplýsingar á umbúðunum

Eftirfarandi texti (eða sambærilegur texti) skal vera bæði á innri og ytri umbúðum vörunnar:

„Þessi vara má bera Blómið þar eð hún fullnægir m.a. kröfum um takmarkaða losun í vatn (COD, AOX) og andrúmsloft (S, NO_x, CO₂) og takmarkaða notkun orku, jarðefnaeldsneytis og hættulegra efna.“

„Frekari upplýsingar um Blómið fást á veffanginu: <http://europa.eu.int/ecolabel>“

„Vinsamlega skilið notuðum pappír til endurvinnslu.“

Auk þess er framleiðanda heimilt að leggja fram yfirlýsingu um lágmarkshundraðshluta endurunninna trefja.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar og þær upplýsingar sem fylgja vörunni, ásamt yfirlýsingu þess efnis að hún uppfylli þessa viðmiðun.

8. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

„lítill vatns- og loftmengun,

lítill orkunotkun,

takmarkað magn skaðlegra efna“.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.
